



## 19. Miðstjórnarfundur RSÍ haldinn föstudaginn 9. mars 2001

Dagskrá:

1. Niðurstaða launanevndar ASÍ - SA
2. Samskipti við ASÍ.
3. Endurnýjun SART launatöflu.
4. Norðurálssamningur staða viðræðna.
5. Ratsjárstofnun.
6. Apavatn eigendaskipti
7. Frágangur eldri sjóða FÍS, viðræður við Landsímann.
8. Orlofsmál.
9. Undirbúningur fyrir sambandsstjórnarfund.
10. Önnur mál.

Fundur settur kl. 12:30

### **1. Niðurstaða launanevndar ASÍ – SA Varnarliðsamningurinn**

Ari Skúlason og Rannveig Sigurðardóttir fulltrúar ASÍ í launanevndinni komu á fundinn og skýrðu niðurstöður nefndarinnar. Niðurstöðurnar eru að helstu efnahagsstærðir sem miðað var við hafi verið innan marka sem sett voru. Gert var sérstakt samkomulag um hækkun orlofs og desemberuppbóta til þeirra sem lakast stóðu. RSÍ hafnaði þessari niðurstöðu sem aðeins kæmi um 1000 félagsmönnum þeirra til góða.

### **2. Samskipti við ASÍ.**

GG kom því á framfæri að undirbúningur ASÍ fyrir nefndarstarfið hafi verið frekar losaralegt og hann hafi td. tvisvar verið boðaður á fund Skatta- og launanevndar með mjög stuttum fyrirvara og hann hafi þar af leiðandi ekki komist, var á samningafundi í annað skiptið og erlendis í orlofi í hitt skiptið. Einnig er ljóst að FÍS er ekki aðili að þessu samkomulagi þar sem þeir hafa ekki enn fengið inn í ASÍ.

**Miðstjórn RSÍ harmar að ekki skuli vera unnið af meiri fagmennsku hjá ASÍ við undirbúning vinnu sem þessarar.**

### **3. Endurnýjun SART launatöflu.**

Lítið hefur gengið að fá SART til að standa við loforðin sem gefin voru við síðustu samninga um að leiðréttá eigi launatöfluna eftir tilefni gefst. Lengi hefur verið ljóst að leiðréttá þarf töluna og RSÍ telur að hækka þurfi töluna upp í að minnsta kosti 14.

### **4. Norðurálssamningur staða viðræðna.**

Fjármálastjóri Norðuráls hefur talið að um nánast engar breytingar verði að ræða en að ákvæðið um að meðaltalshækkunir launa á Vesturlandi muni hafa áhrif til launabreytinga muni lyfta launum talsvert. Þegar þetta var ljóst boðuðu eigendur komu sína og munu mæta á samningafund í næstu viku.

### **5. Ratsjárstofnun.**

**Viðræður eru rétt að fara af stað**

**6. Apavatn eigendaskipti**

Eignaskiptayfirlýsing vegna Apavatns ásamt bréfi frá Löggarði ehf. lagt fram.

**7. Frágangur eldri sjóða FÍS, viðræður við Landsímamann.**

Lögð var fram álitserð um Menningar og kynningarsjóð FÍS. Í viðræðum við Landsímamann hefur komið fram vilji RSÍ til að samningurinn við Landsímamann geri ráð fyrir eitthvað lægra iðgjaldi í sjúkrasjóð þar sem FÍS fólk hafi rýmri veikindarétt en RSÍ fólk almennt.

**8. Orlofsmál**

Ný íbúð við Ljósheima hefur verið tekin í notkun. Nýja húsið við Apavatn verður flutt austur í næstu viku og verður tilbúið fyrir páska. Breytingum skv. fyrsta áfanga á stóra húsinu við Apavatn er lokið.

Loka varð húsunum við Svignaskarð vegna vatnsleysis, og ljóst að ganga verði í varanlegar viðgerðir til þess að koma í veg fyrir slíkt því RSÍ húsin eru í leigu nánast allar vikur ársins. Ákveðið var að flýta húsunum í Skorradal til þess að koma til móti Svignaskarðshúsunum, en húsin í Skorradal eru ekki í vetrarleigu.

**9. Undirbúningur fyrir sambandsstjórnarfund.**

Ákveðið að dagskrá verði með hefðbundnum hætti þar sem byrjað verði seinni part föstudags, fyrri partur laugardags verði fyrir önnur mál en seinni umræða um hefðbundin mál verði seinni part laugardags.

**10. Önnur mál.**

Samningur við Launanevnd sveitarfélaga lagður fram og staðfestur.

Samningur við Ísal var lagður fram og staðfestur.

Samningur við Kísiliðjuna var lagður fram ásamt minnisblaði þar sem fram kemur að rafvirkjar á svæðinu eru með betri kjör en áður hefur komið fram, í ljósi þess staðfestir RSÍ samninginn með fyrirvara um samþykki stjórnar og trúnaðamannaráðs FÍR.

Fundi slitið kl. 15:40 Haukur Ágústsson.